



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Eggertsgötu

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í norðurkanti Eggertsgötu, milli Ingunnargötu og Suðurgötu.
- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í suðurkanti Eggertsgötu, milli Suðurgötu og Njarðargötu.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Greinargerð:

Borið hefur á því að bílum sé lagt í Eggertsgötu með þeim afleiðingum að ökumenn eiga erfitt með að mæst og getur það skapað hættu fyrir bæði akandi og gangandi vegfarendur.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: 1. Yfirlitsmynd af Eggertsgötu með áætluðum umferðarmerkingum
2. Mynd af Eggertsgötu



1. Yfirlitsmynd af Eggertsgötu með áætluðum umferðarmerkingum. Rauðlína táknar svæði sem lagt er til að óheimilt verði að leggja við vegbrún.



2. Mynd af Eggertsgötu